



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

RÁÐSTEFNA UM NORÐURSLÓÐIR

SAMVINNA BYGGÐ Á LÝÐRÆÐI OG VÍSINDUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur í dag, mánudaginn 26. mars, lokaræðu á alþjóðlegri ráðstefnu um framtíð Norðurslóða sem haldin er af Fletcher School við Tufts háskólann í Boston. Ræða forseta ber heitið „The Arctic: A New Model for Global Cooperation“. Upphafsræðu ráðstefnunnar flutti í gær John Kerry, formaður utanríkismálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings og forsetaframbjóðandi demókrata árið 2004. Þátttakendur í ráðstefnunni eru sérfræðingar og áhrifamenn í málefnum Norðurslóða, svo og próffessorar og nemendur við Tufts háskólann.

Á ráðstefnunni er fjallað um hvernig haga beri nýtingu auðlinda á Norðurslóðum, umhverfisvernd og þróun frekari samvinnu. Einnig er rætt um áhrif Norðurslóða á heimsvísu, hvaða lærdóma megi draga af reynslu síðustu ára og hvernig bregðast eigi við aukinni sókn ríkja frá öðrum heimshlutum, frá t.d. Asíu og Evrópu, í aðgang að Norðurslóðum og auðlindum þeirra.

Í ræðu sinni mun forseti fjalla um samstarfsformið sem fest hefur verið í sessi á Norðurslóðum, þátt almennasamtaka, frumbyggja og vísindasamfélags í stefnumótun, árangur af opnari vinnubrögðum en tíðkast hafa á öðrum sviðum alþjóðamála og aðhaldið sem áherslur á lýðræði og vísindarannsóknir skapa stefnumótuninni. Þá mun forseti reifa hvernig það samstarfsform sem ríkin á Norðurslóðum hafa mótað á síðastliðnum 10-15 árum getur nýst í öðrum heimshlutum.

John Kerry áréttaði í ræðu sinni í gær að Bandaríkin yrðu að gera sig mun meira gildandi í málefnum Norðurslóða. Það skipti miklu máli í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og gæti eft vitund almennings um hvað væri í húfi. Hann rakti niðurstöður ýmissa nýrra vísindarannsókna sem sýna að aðeins fáein ár eru til stefnu ef mannkyni á að takast að koma í veg fyrir hrikalegar afleiðingar loftslagsbreytinga. Það væri stærsta verkefni samtímans.

26. mars 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946). Sjá einnig vefsíðu Fletcher School:

<http://fletcher.tufts.edu/Calendar/2012/03/26/The-Arctic-A-New-Model-for-Global-Cooperation.aspx>